

AUGLÝSING

53

10. maí

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í eftirgreindum götum, sem hér segir:

Ránargötu norðanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Bárugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Öldugötu sunnanmegin götunnar milli Garðastrætis og Ægisgötu.

Enn fremur hefur verið sett upp stöðvunarmerki á Njarðargötu við Laufásveg sunnanmegin.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. maí 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

54

15. maí

um breytingu á samþykkt nr. 41 11. apríl 1929, um sýsluvegasjóð Dalasýslu.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

I. Hörðudalshreppur:

1. Hörðudalsvegur vestri, af Skógarstrandarvegi utan Hörðudalsár, að Seljalandi.

II. Miðdalshreppur:

2. Hálsbæjavegur, frá Skógarstrandarvegi við Snóksdalslæk, um Hamraenda að Neðri-Hundadal.
3. Hundadalsvegur, af Vesturlandsvegi við Reykjadalssá að heimreiðum Hundadalsbæja.
4. Kvennabrekkuvegur, af Vesturlandsvegi að Kvennabrekku.

III. Haukadalshreppur:

5. Haukadalsvegur syðri, af Haukadalsvegi nyrðri, innan Haukadalsvatns, um Litla-Vatnshorn að Hömrum.

IV. Laxárdalshreppur:

6. Lækjarskógsvegur, af Vesturlandsvegi hjá Þorbergsstöðum að Lækjarskógi.
7. Flugvallarvegur, af Vesturlandsvegi á Sauraleiti, að flugvelli á Kambsnesi.
8. Laxárdalsvegur nyrðri, af Hjarðarholtsvegi um Samsstaði, á Laxárdalsveg syðri við Laxalæk.
9. Vígholtsstaðavegur, frá Laxárdalsvegi nyrðri, sunnan Spágilsstaða, að Vígholtsstöðum.
10. Búðardalsvegur, af Vesturlandsvegi um læknisbústað, sýslumannsbústað, kaupfélag og aftur á Vesturlandsveg.

54 V. Hvamshreppur:

15. maí 11. Hvammsvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, að Hvammi.
 12. Neðribyggðavegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi hjá Knarrarhöfn, út neðra, fyrir Skorravíkurmúla, á Klofnings- og Skarðsstrandarveg, utan Hellu-
 ár. (Þar af 5.5 km í Fellsstrandarhreppi).

VI. Fellsstrandarhreppur:

13. Hjallanesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi að bryggju á Hjallanesi.
 14. Arnarbælisvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi hjá Silungalæk, að Arnarbæli.

VII. Klofningshreppur:

15. Dagverðarnesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi við Fábeinsá að Dag-
 verðarnesi.
 16. Hnúksvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi niður í Hnúksnes.
 17. Langeyjarnesvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, sunnan Klofnings í
 Langeyjarnesi.

VIII. Skarðshreppur:

18. Búðardalsvegur á Skarðsströnd, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, innan
 Búðardalsár, að Búðardal.
 19. Skarðsflugvallarvegur, af Klofnings- og Skarðsstrandarvegi, innan við Skarð,
 að flugvelli á Húsamel.

IX. Saurbæjarhreppur:

20. Múlabæjavegur, af Staðarhólsvégi hjá Purrnesi að Belgsdal.
 21. Holtahryggjarvegur, af Vesturlandsvegi við Djúpadalsmel, að flugvelli á Holta-
 hrygg.
 22. Kjarlaksvallavegur, af Staðarhólsvégi framan við Þverfell, að brúarstæði á
 Staðarhólzá.
 23. Ólafsdalsvegur, af Vesturlandsvegi við brú á Ólafsdalsá, að Ólafsdal.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt, sam-
 kvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með og
 birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 10 22. janúar 1954, um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1961.

Ingólfur Jónsson.

Brynj. Ingólfsson.